

# FUNDARGERÐ



## Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

### 100. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 12. apríl 2012 kl. 13:00

#### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning:
2. Íþróttahúsið á Laugum - húsaleiga:
3. Styrkbeiðni – landsmót í skólaskák:
4. Umsögn skólaráðs Hafralækjarskóla frá 21.03.2012:
5. Fundargerð stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar frá 26.03.2012:
6. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 02.04.2012:
7. Fundargerð Ungmennaráðs frá 20.03.2012:
8. Fundargerð Samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum frá 02.04.2012:

#### *Til kynningar:*

- a) Fyrstu drög að samþykkt um búfjárhald í Þingeyjarsveit frá Atvinnumálanefnd.
- b) Ályktun ungmenna frá ráðstefnunni "Ungt fólk og lýðræði" 29.-31. mars 2012.
- c) Skilagrein og tillögur nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Frá Innanríkisráðuneyti.
- d) Fundargerð 795. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Ásvaldur Þormóðsson, Ásta Svavarsdóttir, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Arnór Benónýsson, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar og Eiður Jónsson í forföllum Margrétar Bjarnadóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

#### **1. Fundarsetning:**

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 9. lið; aðalfundur Veidifélags Skjálfafljóts og undir 10. lið; íbúð að Hólavegi 9. Samþykkt samhljóða.

## **2. Íþróttahúsið á Laugum - húsaleiga:**

Tekin til afgreiðslu ógreidd húsaleiga í íþróttahúsinu á Laugum vegna afnota Litlulaugaskóla á húsinu á árunum 2006-2011.

Sveitarstjóra falið að ganga til samninga um ógreidda húsaleigu allt að krónur ein milljón og sveitarstjórn samþykkir þá fjárhæð sem viðauka við fjárhagsáætlun.

## **3. Styrkbeiðni – landsmót í skólaskák:**

Tekið fyrir erindi frá Stórutjarnaskóla og skáklfélaginu Goðanum þar sem óskað er eftir aukafjárveitingu til skólans frá Þingeyjarsveit til þess að geta haldið landsmót í skólaskák 3.- 6. maí 2012. Mótið verður haldið í samstarfi við Skáksamband Íslands. Sótt er um kr. 437.500 vegna kostnaðar við mótið.

Samþykkt að verða við erindinu og samþykkt sem viðauki við fjárhagsáætlun.

## **4. Umsögn skólaráðs Hafralækjarskóla frá 21.03.2012:**

Lögð fram umsögn skólaráðs Hafralækjarskóla frá 21.03.2012 um tillögu sveitarstjórnar og starfshóps um sameiningu Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla sem afgreidd var á fundi sveitarstjórnar 8. mars s.l.

Umsögn skólaráðs Hafralækjarskóla:

„Skólaráð telur skynsamlegt að sameina skólana í eina stofnun. Ráðið telur mjög brýnt að skólastjóri sameinaðrar stofnunar komi sem fyrst til starfa og vinni að skipulagi næsta vetrar. Einnig telur skólaráð að skóladagatal grunnskólans þurfi að vera sameiginlegt með starfsstöðvunum. Skólaráð sér hagsmuni í því fyrir nemendur að félagslíf verði sameiginlegt svo og valgreinar á unglíngastigi. Einnig telur skólaráð góða möguleika felast í því að samkenna milli starfsstöðva íþróttir, list- og verkgreinar og nýta þannig sem best þá aðstöðu sem völ er á.“

Sveitarstjórn þakkar umsögnina.

## **5. Fundargerð stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar frá 26.03.2012:**

Lögð fram fundargerð stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar frá 26.03.2012. Ólína gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn skipar sveitarstjóra, Dagbjörtu Jónsdóttur, í stjórn Atvinnueflingar í stað Tryggva Harðarsonar.

## **6. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 02.04.2012:**

Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 02.04.2012. Friðrika gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

## **7. Fundargerð Ungmennaráðs frá 20.03.2012:**

Lögð fram fundargerð Ungmennaráðs frá 20.03.2012. Dagbjört gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**8. Fundargerð Samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum frá 02.04.2012:**

Lögð fram fundargerð Samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum frá 02.04.2012. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**9. Aðalfundur Veiðifélags Skjálfandafljóts:**

Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Skjálfandafljóts 2012 sem haldinn verður 20.04.2012 n.k.

Samþykkt að Árni Pétur Hilmarsson fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum og Arnór Benónýsson til vara.

**10. Íbúð að Hólavegi 9:**

Sala íbúðar að Hólavegi 9 sem er í eigu Þingeyjarsveitar tekin til umræðu.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að koma íbúðinni í sölufarli.

**Til kynningar:**

- a) Fyrstu drög að samþykkt um búfjárhald í Þingeyjarsveit frá Atvinnumálanefnd:
- b) Ályktun ungmenna frá ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði“ 29.-31. mars 2012:
- c) Skilagrein og tillögur nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Frá Innanríkisráðuneytinu.
- d) Fundargerð 795. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20

---

Ólína Arnkelsdóttir

---

Arnór Benónýsson

---

Ásvaldur Þormóðsson

---

Ásta Svavarsdóttir

---

Friðrika Sigurgeirsdóttir

---

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

---

Eiður Jónsson